

**141. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 5. apríl 2018 og
hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Inga María Guðmundsdóttir aðalmaður og Björn Davíðsson formaður.

Embættismenn:

Pórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Pórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Ingólfur Þorleifsson boðaði forföll sín.

Dagskrá:

1. Vistaskipti listamanna í Ísafjarðarbæ og Linköping - 2017030081

Lagður er fram tölvupóstur Elísabetar Gunnarsdóttur, dags. 26. mars sl., varðandi val á listamanni fyrir Linköping vistaskiptin.

Atvinnu- og menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar tekur ákvörðun um að auglýsa eftir umsóknum myndlistarmanns frá Ísafjarðarbæ til vistaskipta í Linköping, Svíþjóð árið 2019. Hlutlaus aðili verður svo fenginn til að tilnefna listamenn til Menningarhússins í Linköping sem sér um lokaval listamanns til vistaskiptanna.

Gestir

Elísabet Gunnarsdóttir - 15:00

2. Styrkir til menningarmála 2018 - 2018010012

Kynntar eru umsóknir aðila um styrk til menningarmála í vorúthlutun 2017.

Teknar eru til afgreiðslu styrkbeiðnir til menningarmála, vegna vorúthlutunar 2018. Atvinnu- og menningarmálanefnd samþykkir að úthluta menningarstyrkjum, samtals að fjárhæð kr. 750.000,- til eftirfarandi umsækjenda:

Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða, útgáfa Vestfjarðarits VI, kr. 250.000,-.

Sunnukórinn, dagskrá fyrir 100 ára fullveldisafmæli Íslands, kr. 200.000,- .

Ágúst Atlason, Ljósmyndasýning í Safnahúsinu, kr. 250.000,-.

Leikhópurinn Lotta, Leiksýning á Ísafirði 10. febrúar 2018, kr. 25.000,-.

Leikfélag Hólmavíkur, Leiksýning á Þingeyri - Halti Billi, kr. 25.000,-.

Atvinnu- og menningarmálanefnd felur bæjarritara að tilkynna styrkveitingar og skilyrða útgreiðslu því að búið sé að skila lokaskýrslu vegna fyrri verkefna styrkþega, sé um slíkt að ræða.

3. Virðisaukinn - 2013110016

Atvinnu- og menningarmálanefnd ákveður hver hljóti virðisaukann árið 2017.
*Atvinnu- og menningarmálanefnd ákvað útnefningu virðisaukans árið 2017.
Nefndin leggur til við bæjarráð að afhending Virðisaukans fari fram með
hátiðlegri athöfn við upphaf næsta bæjarstjórnarfundar.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:20

Inga María Guðmundsdóttir

Björn Davíðsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir